

Alþingi
Erindi nr. P 135/1650
komudagur 4.3.2008



Alþingi
Selma Hafliðadóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 29.02.2008
Tilv. 2008/0205 - 0.0.01
TA

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með viðskiptaháttum og gagnsæi
markaðarins - 362. mál**

Neytendastofa vísar til bréfs yðar dags. 13. febrúar s.l þar sem stofnuninni er veittur kostur á að senda viðskiptanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

Neytendastofa telur að frumvarp þetta feli í sér verulega réttarbót fyrir neytendur en í frumvarpi þessu eru m.a skráðar ýmsar áður óskráðar reglur sem stuðst hefur verið við í framkvæmd við beitingu á vísireglum gildandi laga.

Neytendastofa telur við nánari athugun nauðsynlegt að benda á tvö atriði sem hún telur að lagfæra þyrfti í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er í a-lið 3. gr. frumvarpsins að finna tillögu að nýrri 21. gr. b. og telur Neytendastofa æskilegra að lokamálsgrein í nýrri 21. gr. b. laganna myndi hljóða svo:

"Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VI. kafla og ákvæðum VII. og VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði".

Ástæða þessarar breytingar er sú að í ákvæði frumvarpsins segir nú að Neytendastofa geti gripið til aðgerða gegna "athöfnum" sem brjóta í bága við ákvæði II.-VI. kafla. Ákvæði framangreindra kafla taka hins vegar til viðskiptahátta, sbr. skilgreiningu í 1. gr. frumvarpsins, en þar getur verið um að ræða markaðssetningu fyrirtækja eða aðrar athafnir, athafnaleysi eða háttsemi sem tengist kynningu á vörum og þjónustu. Neytendastofa telur því mikilvægt að orðalag greinarinnar nái jafnt til athafna sem og athafnaleysis.

Í öðru lagi er í b-lið 3. gr. gerð tillaga um að 1. mgr. 22. gr. laganna verði breytt. Með sama hætti og í a-lið þessarar greinar þá telur Neytendastofa nauðsynlegt að b-liður í nýrri 22. gr. laganna orðist svo:


"b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II. - VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b."

Ástæða þessarar breytingar er að í VII. og VIII. kafla hinna nýju laga verður að finna ákvæði


um verðmerkingar, útsölur, o.fl. Neytendastofa hefur á undanförunum misserum í kjölfar margvíslegra kvatana og ábendinga unnið að því bæta reglur að þessu leyti og er mikilvægur liður í þeirri endurskoðun að tryggt sé að unnt sé að beita þeim úrræðum sem stofnunin hefur ef brotið er gegn ákvæðum þessara kafla laganna.

Neytendastofa telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins en vill jafnframt þakka fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar. Óski nefndin eftir nánari upplýsingum er stofnunin reiðbúin að veita þær eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri